

Félags – og skólaþjónusta
RANGÁRVALLA- OG VESTUR- SKAFTAFELLSSÝSLU
Suðurlandsvegur 1-3, 850 Hella og Austurvegur 4, 860 Hvolsvelli

FUNDARGERÐ

86. fundur Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu (FSRV) 2024 var haldinn kl. 10:00 þriðjudaginn 29.10.2024 á Suðurlandsvegi 1-3, Hellu.

Fundinn sátu: Einar Freyr Elínarson formaður, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir varaformaður, Kristín Hreinsdóttir ritari, Einar Kristján Jónsson, Sigríður Karólína Viðarsdóttir og Svava Davíðsdóttir framkvæmdastjóri.

Kristín Hreinsdóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. *Fjárhagsáætlun FSRV 2025*

Lögð var fram fjárhagsáætlun FSRV fyrir árið 2025. Gert er ráð fyrir tekjum að upphæð 313.045 þús. kr., þar af framlög aðildarsveitarfélaga 309.995 þús. kr. Hækkunin nemur ríflega 14,5% milli ára.

Helstu breytingar eru fækkun stöðugilda í félagsþjónustu, en á móti fjölgun stöðugilda í þjónustu við fötluð börn. Stöðuhlutfall talmeinafræðings var aukið úr 40 í 50%. Aukning er einnig í sálfræðiþjónustu. Námskeiðsliður í skólaþjónustu hefur aðeins hækkað. Endurnýja þarf bifreið. Nýmæli er að áætlað er fyrir útlögðum kostnaði sem sveitarfélögin leggja út og þar eru áætluð bæði gjöld og tekjur á móti, skv. kröfu endurskoðanda.

Samþykkt samhljóða.

2. *Umboð til undirskriftar samnings um samstarf á sviði endurhæfingar.*

Lögð fram drög að samningi um samstarf á sviði endurhæfingar, yfirlýsing um samstarf þjónustukerfa og drög að starfsreglum samhæfingarteyma. Samningurinn á ekki að kosta sveitarfélögin neitt aukalega. Framkvæmdastjóra falið að undirrita samninginn.

Samþykkt samhljóða.

3. *Önnur mál*

a) FRSV hefur borist krafa um skaðabætur vegna auglýsts starfs. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram í samráði við lögmann.

b) Verkefnið Öruggara Suðurland. Framkvæmdastjóri sagði frá framgangi verkefnisins. Í framhaldi af því var rætt um endurvakningu forvarnarhóps sem stofnaður var í lok árs 2019. Í honum voru fulltrúar félagsþjónustu og fulltrúar

skólanna. Mikilvægt er að áætlað sé fjármagn í verkefnið. Stjórnin hvetur sveitarfélög til að skoða með hvaða hætti væri hægt að styrkja verkefnið.

Næsti fundur verður haldinn kl. 9:00, 2. desember nk. á Teams.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 11:20.

Undirritunarsíða

Svava Davíðsdóttir

Einar Freyr Elínarson

Kristín Hreinsdóttir

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

Einar Kristján Jónsson

Sigríður Karólína Viðarsdóttir